

Reykjavík 22 ágúst

Frá: Einar Gunnar Birgisson

kraftur@gmail.com

s. 822 3694

Varðandi: Rafmagnsvespur

495. mál

1) Það er ekki gott að breyta leikreglum eftir á. Rafmagnsvespur voru keyptar af almenningi í þeirri trú að ekki þyrfti að kaupa á þær rándýrar tryggingar. Ef á að breyta þessu þarf líka að vernda eigendur þessarar farartækja fyrir okri og samráði tryggingafélagana.

2) Með því að breyta leikreglum eftir á getur Ríkið verið að kalla yfir sig bótaskyldu. Það eru engvir brýnir almannahagsmunir í húfi með að hafa rafmagnsvespur tryggingaskyldar. Það virðist vera einhver móðursýki í gangi með þessar vespur og möguiegar hættur af þeim. Ég hef ekki heyrt um nein slys sem þessar vespur hafa valdið. Gangandi vegfarendur geta líka valdið siysum með að hlaupa fyrir bíla og sama með fólk á reiðhjólum.

3) Vissulega er hægt að breyta rafmagnsvespum svo þær komast í 30-40 km hraða enn slíkt er bara hægt á jafnsléttu og í meðvind eða logni. Þetta er svipaður hraði og hjá fullorðnum manni á reiðhjólí sem getur keyrt fólk niður jafnt og vespur. Það er engin kraftur í þessum vespum og varla að þær geti tekið af stað í brekku á sparnaðarstillingu. Létt bifhjól eru miklu kraftmeiri og yfirleitt miklu þyngri líka. Létt bifhjól mega bara ná um 45 km hraða að því ég best veit, enn þeim er öllum breytt og komast þau miklu hraðar, kannski í 60-70 km hraða.

4) Létt bifhjól geta verið á götum með 50 km hámarkshraða eða jafnvel meira enn rafmagnsvespur geta ekki verið á götum með hærri enn 30 km hámarkshraða. Þær hafa ekki afl fyrir stærri götur og ef keyrt er mikið á 30-40 km hraða þá tæmist rafgeymir fljótt.

5) Ef rafmagnsvespur verða skráðar sem létt bifhjól munu tryggingafélögin láta eigendur þeirra borga iðgjöld sem slaga hátt í iðgjöld af bíl. Venjulegir bílar eru kannski keyrðir 20-50 þús km á ári og eru 1-2 tonn að jafnaði. Þeir komast í 150-200 km hraða. Venjulegir bílar geta valdið mjög miklu tjóni sökum þyngdar og hraða. Rafmagnsvespur hafa varla meiri möguleika á að valda tjóni enn reiðhjól, eru léttar, fara hægt yfir og það eru fáir sem nota þeir meira enn 1-2 þúsund km á ári. Svona vespur eru miklu öruggari farartæki enn reiðhjól og hafa spegla, betri bremsur, eru stöðugri og setið lægra.

6) Iðgjöld af rafmagnsvespum ættu að vera kannski 15-20% af iðgjaldi bíls enn mun slaga hátt í iðgjald bíls. Þetta er mergurinn málsins. Iðgjöldin verða ósanngjörn og úr takti við raunverulega áhættu. Það verður okrað á rafmagnsvespueigendum. Næsta skref er að gera reiðhjól tryggingaskyld. Það liggur beinast við.

Virðingarfyllst

Einar Gunnar Birgisson

Reykjavík 14 Júlí

Frá: Einar Gunnar Birgisson

kraftur@gmail.com

s. 822 3694

Varðandi: Rafmagnsvespur

Til :

Umferðarstofa, Umferðardeild lögreglunnar og Umhverfis- og samgönguráð
Reykjavíkurborgar.

Það hefur verið nokkur umræða um rafmagnsvespur nýlega.

Ég á rafmagnsvespu og það eru margir sem finna því allt til foráttu að ég aki henni á gangstéttum. Fólk er meira sátt við hana á reiðhjóla- og göngustígum og virðist vera sama hvort hún er á götunum. Það er úr vöndu að ráða enn augljóst er að fólki, svona almennt, finnst að rafmagnsvespur eigi alls ekki heima á gangstéttum nema í miklu hófi sé og er ég því sammála. Ég hef búið mér til þá reglu að nota götur með 30 km hámarkshraða, enn annars gangstéttir og reiðhjóla- og göngustíga. Þetta hefur gefist vel og ég hef getað haldið friðinn við samborgara mína.

Eftirfarandi má kalla tillögur eða lausnir

1) Það ætti ekki að leyfa börnum og unglingum að 15 ára aldri að vera á rafmagnsvespum. Svona vespur eru engin barnaleikföng þó börn megi vera á svona vespum lögum samkvæmt eins og staðan er í dag. Það er óviturlegt að láta svona vespur í hendur barna og unglinga undir 15 ára og hleypa

þeim út á gangstéttirnar og þá óhjákvæmilega út á göturnar líka. Þetta er hverjum manni augljóst sem hefur reynslu af rafmagnsvespu. Mín vespa er reyndar með þeim þyngstu og breiðustu sem komið hafa á markað hér.

2) Þeir sem hafa almenn ökuréttindi ættu að mega vera á götum sem hafa 30 km hámarkshraða enn annars á gangstéttum og á reiðhjóla- og göngustígum. Vespurnar ættu ekki að fá að vera á gangstéttum við götur sem hafa 30 km hámarkshraða. Þessar vespur eiga ekkert erindi á götur með hærri hámarkshraða enn 30 km.

Það er augljóst að fólki, svona almennt, er mjög illa við svona vespur á gangstéttum. Því finnst þær vera fyrirferðarmiklar og varasamar. Flestum virðist þó vera sama hvort þær eru úti á götunum. Fólk er vant því að þurfa að taka sveig um hjólreiðamenn til dæmis og vespurnar trufla ekki umferð að því tilskildu að þær séu á götum með 30 km hámarkshraða. Það er augljóst að fólk vill miklu frekar að vespurnar séu á götunum enn á gangstéttunum. Það verður að taka tillit til þessa.

Ég hætti fljótlega að nota gangstéttir við 30 km götur því það voru daglegar athugasemdir, aðfinnslur og fýlusvipir og þó er ég nú fullorðin maður. Það er því alveg víst að fólk, og ég þar meðtalin, vill enn síður sjá börn og unglínga bruna um gangstéttirnar á þessum vespum.

3) Það er engin tilgangur að banna rafmagnsvespur á götum með 30 km hámarkshraða því vonlaust er að framfylgja því og um leið og lögreglan sést í sigti þá er brunað upp á gangstétt. Það er engin tilgangur með þessum leik og leyfa ber rafmagnsvespur á götum sem hafa 30 km hámarkshraða að því tilskildu að viðkomandi hafi almenn ökuréttindi.

4) Heimilistrygging bætir kannski skaða af reiðhjóli enn allt orðalag með slíkt er loðið og óljóst og erfitt er að festa hönd á einu né neinu þar. Það hafa heldur ekki allir heimilistryggingu. Það eru því margir hjólreiðamenn sem bruna um allt á 30-50 km hraða ótryggðir og athugasemdaiaust. Ég fullyrði að hjólreiðamenn á götum með 50 km hámarkshraða og þaðan af meira eru miklu hættulegri sjálfum sér og öðrum enn rafmagnsvespa er á götum sem hafa 30 km hámarkshraða. Það þarf oft að fara út að miðju vegar eða jafnvel eitthvað yfir á næsta vegarhelming til að sveigja framhjá hjólreiðamönnum. Þeir geta truflað umferð verulega og valdið óbeinum

slysum þó þeir sjálfir sleppi við skaða eða tjón. Grind hjóla er veikburða og dekkinn mjó sem gerir að hjólið heldur illa beinni stefnu og rásar um á meðan vespan er alveg stöðug.

5) Rafmagnsvespur geta valdið slysum og eignatjóni og það getur hjólreiðamaður líka. Hættan af vespunum er þó kannski einhvað melri enn af reiðhjólum sökum þyngdar, enn á móti kemur að setið er lægra á vespum enn reiðhjólum, vespan er miklu stöðugri og bremsur góðar. Þær sjást líka vel í rökkri og myrkri sökum góðra ljósa.

6) Ábyrgðartrygging á rafmagnsvespur er ekki endilega slæm hugmynd ef gjaldtakan er sanngjörn og í samræmi við áhættuna, enn hætt er við að svo verði ekki. Það er lítil munur á iðgjaldi af bíl af minnstu gerð og á minnstu gerð af bensínvespu sem þá væntanlega er 50-80 cc. Þetta gefur tóninn og gæti endað með að eigendur rafmagnsvespna borguðu iðgjöld sem slaga hátt í iðgjöld af bíl. Ég á erfitt með að koma með tillögur sem kalla veruleg og ósanngjörn útgjöld yfir eigendur rafmagnsvespna.

7) Lögreglan hlýtur að halda skrár yfir tjón og óhöpp sem rafmagnsvespur hafa valdið. Þær hafa verið í notkun það lengi að það hlýtur að vera komin reynsla á hve „hættulegar“ þær eru. Ég efast nú um að það sé langur listi að lesa enn ætla ekki að fullyrða neitt. Ég legg til að löggjafinn afli sér nauðsynlegra upplýsinga hér og vill taka fram að þó að rafmagnsvespur séu vélknúin farartæki þá er afl mótors bara brot úr hestafli og þyngdin á þeim er svipuð og fullur tankur af bensíni á venjulegum fjölskyldubíl.

8) Rafmagnsreiðhjól eru einhverskonar millistig á milli rafmagnsvespu og reiðhjóls. Þau eru nokkru þyngri enn reiðhjól og ég hef heyrt að þau komist hratt yfir, sum jafnvel yfir 50 km hraða þó að ég fullyrði ekki neitt. Venjulegur maður getur líka náð yfir 50 km hraða á reiðhjóli. Mér sýnast mörg rök hníga að því að ofangreindar þrjár tegundir farartækja megi setja undir sama hattinn, svona að mestu leyti allavega.

9) Varðandi rafmagnsvespur þá þarf kannski sérreglur fyrir þá sem ekki hafa almenn ökuréttindi og þá sem eru undir þeim aldri að geta aflað sér ökuréttinda enn eru yfir 15 ára. Ekki ætla ég samt að koma með tillögur þarna um.

10) Það væri óskynsamlegt að banna rafmagnsvespum að vera á reiðhjólástígum og öðrum stígum sem reiðhjól mega nota. Slíku banni verður aldrei framfylgt né hægt að framfylgja. Áframhaldandi bann við akstri á götum með 30 km hámarkshraða væri líka óskynsamlegt. Það er einmitt á þannig götum sem rafmagnsvespur eiga helst heima að því tilskildu að viðkomandi hafi almenn ökuréttindi.

Virðingarfyllst

Einar Gunnar Birgisson